

Alþingi  
Fjárlaganefnd  
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 6. maí 2024

*Umsögn, þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, mál 1035, 154. löggjafarþing.*

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga og byggir á meginhluta á ályktunum 68. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, sem haldið var þann 6. og 7. október s.l.. Eins er vísað til umsagnar Fjórðungssambands varðandi frumvarp til fjárlaga 2024<sup>1</sup> og verður tengt málsviðum fjármálaáætlunar. Fyrst verður hér þó vikið að sértæku máli er varðar tekjur fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum.

### **Áhrif frumvarps til lagareldis á sveitarfélög og tengsl við fjármálaáætlun 2025-2029.**

Markmið frumvarps til lagareldis, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi (mál 930) eru, „er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nytjastofna.“

Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar í frumvarpinu, um álagningu framleiðslugjalds sjókvíaeldis og samhliða breytingum á ákvæðum laga 89/2019 (fiskeldisgjald), en þriðjungur þess rennur til Fiskeldissjóðs (er nefnt Samfélagssjóður í frumvarpi). Fjórðungssamband hefur í umsögnum á síðustu þrem árum varðandi, fjárlög, „bandorm fjárlaga“ og fjármálaáætlun lýst áhyggjum af þeim ramma sem settur hefur verið fyrir álagningu fiskeldisgjalds og áhrif hans á samfélög og fiskeldisfyrirtæki. Það er mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að nú sé enn ríkari ástæða til að greina áhrif áformaða ákvæða saman við gildandi lög, með tilliti til áhrifa á fiskeldissveitarfélög á Vestfjörðum.

Í ályktun 68. Fjórðungsþings Vestfirðinga á síðasta hausti var fjallað um álagningu fiskeldisgjalds og mikilvægi þess að tekjur fiskeldisgjalds gangi til uppbyggingar samfélaga og stjórnsýslu ríkisins í héraði (vísast til hennar hér síðar í umsögninni).

Í kynningu matvælaráðuneytis á áhrifum frumvarpsins með vestfirskum sveitarfélögum í lok apríl s.l., var spurt um hver væru áætluð mat á ákvæðum frumvarpsins um þróun samfélaga. Fram kom að hálfu ráðuneytisins hefur slíkt mat ekki verið gert, en sjónarmið ráðuneytisins væru að ef náttúran og atvinnulíf þróast á jákvæðan hátt þá sé það sjálfkrafa jákvætt fyrir þróun samfélaga. Að mati Fjórðungssambands er jafn mikilvægt að horfa til markmiða um þróun samfélaga sem þriðju stöðina í sjálfbærri þróun auk umhverfis og efnahags. Minnt er á markmiða Strandsvæðaskipulags Vestfjarða við setningu laga um Lagareldi, er varða samfélag og byggð, en þar segir um samfélög á Vestfjörðum.

- Nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar.

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-188.pdf>

- Nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji lífsgæði íbúa aðliggjandi byggðarlaga og gesta svæðisins með lifandi strandmenningu, fjölskrúðugri náttúru og fjölbreyttum tækifærum til útivistar.
- Nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða stuðli að viðnámsþrótti byggðar og samfélags gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Hlutverk Fiskeldissjóðs er samkvæmt 7. gr laga 89/2019 „að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stóðir atvinnulífs á þeim svæðum“. Með eflingu innviða eykst viðnámsþróttur sveitarfélaga á sjókvíaeldissvæðum til að mæta hraðri uppbyggingu nýrrar atvinnugreinar og fjölda nýrra starfa og íbúa.

Samkvæmt 76. grein frumvarps um lagareldi um álagningu, tekur álagningin tillit til framleiðslukostnaðar fyrirtækja þannig að verri afkoma leiði til lægri álagningu fiskeldisgjalds. Framleiðslugjaldið hvetur einnig til fjárfestinga í nýrri tækni sem leiði til minni áhættu af lúsasmiti, sleppingum og lífrænni losun, sem gefi afslátt af framleiðslugjaldi.

Fjórðungssamband er þeirrar skoðunar hér þurfi að gera nánari úttekt, sem feli í sér áhættugreiningu á þá drifkrafta (framlegð fyrirtækja og verndun umhverfis) sem settir eru til grundvallar fiskeldisgjaldi og settar fram sviðsmyndir á þróun tekna ríkissjóðs á gildistíma fjármálaáætlunar þ.e. til ársins 2029. Slík úttekt liggja fyrir við framlagningu frumvarps til fjárlaga 2025 á komandi hausti og í „bandormi“ fjárlaga.

Nýta má úttektina til að setja mælikvarða á þróun samfélaganna og markmiða sem sett hafa verið í strandsvæðaskipulag, sem auðveldar allan samanburð á mati á árangri aðgerðaráætlunar sem ætlað er að ljúki árið 2028 og lögin sjálf (að því gefnu að frumvarp gangi óbreytt fram) komi til endurskoðunar 2029. Áhættugreiningin ætti einnig að taka til skoðunar áhrif á rekstrarafkomu fiskeldisfyrirtækja.

Leiði áhættugreining í ljós líkur á miklum sveiflum í tekjum Samfélagssjóðs (Fiskeldissjóðs) þá verði gripið til aðgerð til að tryggja sveitarfélögum ákveðið lágmark framlaga. Stjórnvöld eru að bregðast við þeim ágöllum sem nú er viðurkennt að hafi verið á stjórnslu og markmiðssetning löggjafans um uppbyggingu fiskeldis, við setningu og aðdraganda breytinga á fiskeldislögum 2008, 2014 og 2019. Fjórðungssamband Vestfirðinga og sveitarfélög á Vestfjörðum settu á þessum tíma, ítrekað fram sjónarmið og ráðleggingar til stjórnvalda hvernig mætti standa að uppbyggingu fiskeldis, sjónarmið sem ekki fengu undirtektir á þeim tíma, en eru nú á margan hátt að koma fram í ákvæðum nýs frumvarps um lagareldi.

Sveitarfélög á Vestfjörðum telja því að það sé ríkisins að bera þungann af þeirri áhættu sem getur fylgt því að ná fram markmiðum um þróun atvinnugreinarinnar s.s. draga úr áhættu á umhverfisþáttum s.s. erfðablöndun, lífrænni losun, sníkjudýrum og sjúkdómum en tryggja um leið stöðugan rekstur. Sveitarfélögum sé tryggð fjármögnun til að auka viðnámsþrótt með uppbyggingu sinna innviða.

Telja verður að það sé almennur samhljómur um, að greitt sé afgangur af nýtingu náttúruauðlinda hverju nafni sem hún nefnist en hér er það eldi í sjókvíum til umfjöllunar. Við þá gjaldtöku verður hinsvegar að gera þá kröfu, að hún sé gegnsæ og gætt sé meðalhófs við ákvörðun hennar og samspil við aðra skatta og þjónustugjöld. Meðalhóf tryggi afgangur af nýtingu náttúruauðlindar en hamli ekki framtíðaruppbyggingu fyrirtækjanna sem sveitarfélög treysta á samhliða því að þau byggja upp innviði.

### **Forgangsmál.**

Nú verður tekið til umfjöllunar eftir einstaka málasviðum en kjarninn er að ríkissjóður er að fá verulega tekjuaukningu með aukinni gjaldtöku af fiskeldi, ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Þetta eru lykilatvinnugreinar samfélaga á Vestfjörðum og því fullkomlega eðlileg krafa að þessar nýju tekjur komi til viðbótar framlögum til uppbyggingu innviða og eflingu þjónustu á Vestfjörðum.

Ekki síst með tilliti hárrar viðhaldsskuldar sem leitt hefur til mikils ójafnræðis á stöðu innviða og þjónustu á Vestfjörðum miðað við aðra landshluta og nauðsyn að hraða úrbótum á þeim sviðum. Óumdeilt þá hefur landshlutinn um langan tíma borið skaða af því að vera ekki hluti af hringvegi 1 og vera ekki hluti af hringtengingu flutningskerfis raforku, Byggðalínu.

Umsögnin um einstök málasvið kemur hér síðar og eru ályktanir 68. Fjórðungssþings Vestfirðinga fléttaðar inn eftir hverju málasviði fyrir sig.

Brýn mál sem verður að setja strax til úrlausnar eru sem hér segir

- Aukið fjármagn verði sett til vetrarþjónustu og viðhalds vega
- Aukið fjármagn til uppbyggingar Tetrakerfis við stofnvegi og tengivegi samhliða uppbyggingu farnets
- Aukið fjármagn til rannsókna og hönnunar jarðgangakosta á Vestfjörðum
- Teknar verði ákvarðanir er varða úrlausn á raforkuskorti á Vestfjörðum og fjármálaáætlun gefi rými fyrir aðkomu ríkissjóðs að þeim verkefnum.
- Aukið verði fjármagn til starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga er varðar samninga þeirra við stjórnvöld um sóknaráætlanir, atvinnuráðgjöf og áfangastofur.
- Aukið fjármagn til að hraða endurmati á ofanflóðahættu
- Efling heilbrigðis og sjúkrahúsþjónustu er varðar viðbragðs- og fjarþjónustu
- Aukið fjármagn renni til svæðisbundinnar markaðssetningar ferðaþjónustu

## Umfjöllun eftir málasviðum

### Málasvið 8 Sveitarfélög og byggðamál.

#### 08.20. Byggðamál, fjármögnun atvinnuráðgjafar.

Stefnumörkun fjármálaáætlunar er skýr um að efla beri þátt byggðamála og í umfjöllun um málefni sveitarfélaga er lögð áhersla á eflingu samfélaga.

Farsælt samstarf hefur byggst upp milli landshlutasamtaka sveitarfélaga og ráðuneyta á síðustu áratugum í gegnum forvera og núgildandi Sóknaráætlanir landshluta, Samninga um atvinnuþróun / nýsköpun og byggðaðróun og Samninga um Áfangastofur. Hér hafa ríki og sveitarfélög náð verulegum árangri með því að leggja til fjármagn og tíma í verkefni sem efla atvinnulíf og samfélög í héraði og eins áhrif á landsvísu.

Að grunni til eru framlög ríkisins til byggðamála, að meginhluta sömu fjárhæðir sem lagðar voru til grundvallar í samningum um og eftir árið 2018 en hafa ekki fylgt verðlags eða launaþróun. Í Covid faraldri voru framlögin hækkuð sem viðbragð við samdrætti en voru lækkuð að nýju árið 2021. Hafa landshlutasamtök síðan ár hvert í umsögn um frumvarp til fjárlaga, þurft að óska eftir hækkun framlags til að mæta kostnaðarhækkunum og að hluta hefur verið komið móts við það.

Nýjar sóknaráætlanir eru nú í undirbúningi og taka til tímabilsins 2025-2029. Það er mikilvægt að í fjármálaáætlun er stutt við áframhald þessara áætlana. Það er einnig mikilvægt að fleiri ráðuneyti en innviðaráðuneyti og menningar og viðskiptaráðuneyti, koma nú til samstarfs við landshlutana um svæðasamstarf á málasviði ráðuneytanna en þetta eru umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti. Þessi framkvæmd er í takt við áherslur málasviðs 8, enda eru byggðamál málaflokkur sem ekki vinnst nema með samþættingu og að unnið sé þvert á málasvið einstakra ráðuneyta.

Fjórðungssambandið leggur því áherslu á að fjármálaáætlun verði ráðuneytum gefið svigrúm til að auka við fjárframlög til þessa samstarfs. Er þess óskað um þetta verði fjallað í álitum fjárlaganefndar. Að öðru leyti er vísað til sameiginlegrar umsagnar landshlutasamtaka sveitarfélaga við frumvarp til fjárlaga 2024 <https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-180.pdf>

### Málasvið 11 Samgöngu og fjarskiptamál.

#### 11.10. Samgöngur. Ályktun um vanfjármögnun framkvæmda, samkeppnisstöðu og gjaldtöku.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga sendir frá ályktun um samgöngumál ásamt ítarlegri greinargerð. Vikið verður að efni greinargerðar í umfjöllun um markmið málasviðsins, en ályktunin er sem hér segir.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 bendir á að markmið stjórnvalda í samgöngumálum eru jákvæð en verulega vanfjármögnuð. Þingið beinir því til yfirvalda samgöngumála að skoðaðar verði nýjar fjármögnunarleiðir til að jafna samkeppnisstöðu Vestfjarða í samgöngumálum.

Fjórðungsþing beinir því til stjórnvalda að auka þegar á árinu 2023 fjármagn til vetrarþjónustu og viðhalds vega á Vestfjörðum til að bæta ásjón Vestfjarða til búsetu, fjárfestinga og heimsóknna.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjaldtöku nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Hér er vísað til að í Samgönguáætlun 2020 til 2024 (og í óafgreiddri þingsályktun um samgönguáætlun 2024-2038) var sett að markmiði að fá nýtt fjármagn í gegnum samvinnuverkefni ríkis og einkaaðila. Myndi það flýta framkvæmdum auk þess sem að minnka þörf á framlögum úr ríkissjóði og skapa þannig aukið fjármagn til annarra framkvæmda.

Samvinnuverkefni hafa ekki gengið eftir nema með einni undantekningu þ.e. Ölfusárbrú. Þörf fyrir fjármagn til samgönguverkefna er því mun hærra gert var ráð fyrir í Samgönguáætlun 2020-2024 og þarfnast nánari greiningar að hálfu fjárlaganefndar hver sú fjárhæð er.

Brýnt er síðan að auka fjármagn til Hafnabótasjóðs þar sem fyrirsjáanleg er aukin umferð vegna aukinna umsvifa í höfnum landsins og til að styðja við orkuskipti í sjávarútvegi, fiskeldi og ferðaþjónustu. Því mikil þörf fyrir endurbætur og nýframkvæmdir í höfnum Vestfjarða.

Hér er síðan farið nánar með ályktanir Fjórðungsþings og þær settar í samhengi við tilgreind markmið málsviðs 11 Samgöngur og fjarskiptamál.

Markmið 1. Greiðar samgöngur. Nauðsyn jarðgangaf framkvæmda á Vestfjörðum og viðhald vega. Því ber að fagna að gerð er tillaga í samgönguáætlun um fimm jarðgöng á Vestfjörðum í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum í jarðgangamálum, Álftafjarðargöng, Miklidalur og Hálfán í einni framkvæmd sem Suðurfjarðargöng og breikkun Breiðadalsleggjar, auk þess sem Klettháls er tekinn inn sem jarðgangakostur.

Fram kemur í samgönguáætlun að þörf fyrir jarðgöng sé brýnust á Vestfjörðum, Austfjörðum og á Tröllaskaga. Tekið er undir þessa áherslu samgönguáætlunar en slíkt hlýtur að kalla á jafnræði þessara svæða um framkvæmd. Hér er sett fram sú meginkrafa að unnið sé samhliða að gerð jarðgangna á öllum þessum svæðum og segir í ályktun 68. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti krefst þess að rannsóknir vegna jarðgangaf framkvæmda hefjist strax til að flýta fyrir að framkvæmdir geti hafist sem fyrst.

Í frumvarpi til fjárlaga 2024 er tillaga um að veita fjármagn til framkvæmda Fjarðarheiðargangna og undirbúningur hefjist að gerð Hvalfjarðargangna, Siglufjarðargangna og jarðgangna á milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar.

*Gerð er krafa um að undirbúningur að jarðgangakostum á Vestfjörðum verði einnig hafin á framkvæmdaáætlunartíma. Einungis þannig er mögulegt að bera saman jarðgangakosti milli svæða og ákvarðanir um framkvæmd þeirra. Þess er því krafist að aukin framlög verði sett til rannsókna á jarðgangakostum í fjárlögum 2024.*

### **Viðhald vega / viðhaldsskuld.**

Sett er að markmiði í fjármálaáætlun að auka viðhald vega til að mæta auknum umferðarþunga og auknið fjármagn 3,6 ma var samþykkt í fjárlögum fyrir 2024 til þess markmiðs. Hér er einnig sá vandi að burðarlag vega endist í ákveðin tíma en aukin umferðarþungi vegna aukningar umferðar, þungaflutningar og aukin þyngd bíla (rafbílar) leggst á eitt að hraða endurnýjunarþörf.

Mikið átak var í stofn og tengivegagerð fyrir 20 til 30 árum síðan og nú eru þessir vegir allir að koma á endurnýjunartíma. Alvarlegt ástand stofnvega í Reykhólahreppi og Dalabyggð á þessum vetri eru skýr dæmi um þá stöðu sem hér kemur upp, en þar var brugðið á það ráð að rífa upp ónýtt bundið slitlag og leggja þess í stað malarslitlag og bíða með viðgerðir þar til í sumar. Eins má benda á bráðaaðgerð á hluta vegar um Mikladal á árinu 2023.

Fjármálaáætlun 2025-2029, fjallar um framangreinda stöðu og er þar samhljómur við þingsályktun að samgönguáætlun 2024-2038. En því miður er það aukna fjármagni sem ætlað er til viðhalds ekki nægjanlegt og við blasir að vegir eyðileggist og þá er mun dýrara að leggja þá upp á nýtt í stað þess að sinna reglubundnu viðhaldi. Fjórðungssamband telur að forgangsröðun viðhaldsverkefna innan Vegagerðar þarfnist endurskoðunar og nauðsynlegt er að mæta markmiðum um jákvæða byggðapróun og mikillar uppbyggingar í atvinnulífi.

### **Skilgreining vega eign eða rekstur.**

Á sínum tíma var virði samgöngukerfisins í landinu hafa verði metið og eignfært. Afskrift þessa eignasafns ætti að gefa til kynna afskriftarstofn og þar með fjármagn sem ætlað má til viðhalds til að halda eigninni við.

Í þessu eignasafni eru stofn og tengivegir með malarslitlagi, nú í dag eru þeir vegir flestir í dag komnir áratugi langt umfram áætlaða endingu. Því ættu þessir vegir í raun að vera að vera að fullu afskrifaðir og taka ætti þá af eignaskrá. Fjármagn til endurbóta/viðhalds þessara vega væri því ekki hluti af mati á fjármagni í viðhaldssjóði, heldur sé um að ræða hreinar nýframkvæmdir og fjármagnað ætti þær sem slíkar. Þá myndi skapast rými til að sinna viðhaldi á vegum samkvæmt viðhaldsáætlun hverju sinni og eins að þurfa ekki, eins og dæmi sanna, að taka stóran hlut viðhaldssjóðs til að bregðast við áföllum og fresta þannig viðhaldi á öðrum vegköflum.

Markmið 2 Öruggar samgöngur. Mikilvægi innanlandsflugs og úrbætur í flugleiðsögn.  
*Innanlandsflug.*

Litlar fjárveitingar eru til annarra áætlunarflugvalla innanlands en á Akureyri, Egilsstöðum og Reykjavík sem verða fjármagnaðir með varaflugvallargjaldi sem er áætlað um 1.300 mkr. Mikilvægt við þessa aðgerð fyrir áætlunarflugs á Vestfjörðum, er að hér er fjármagn komið til viðhalds og nýframkvæmda á Reykjavíkurflugvelli og treyst tilveru hans í sessi til lengri tíma litið.

Við samþykkt varaflugvallargjalds var ekki svarað umsögn Fjórðungssambandsins hvort að við þessa aðgerð, myndi losna um fjármagn sem áður var ætlað til þessara þriggja flugvalla sem innanlandaflugvalla. En með þeim hætti myndi verða hlutfallsleg hækkun á fjármagni til viðhalds og nýframkvæmda annarra á áætlunarflugvall, á Vestfjörðum eru það Bíldudalsflugvöllur, Ísafjarðarflugvöllur og Gjögurflugvöllur. Þessir flugvellar eru forsenda fyrir markmið samgönguáætlunar haldist um 3,5 tíma þjónustusókn til höfuðborgarsvæðis frá þeim svæðum sem þeir þjóna. Allir þessir flugvelli þarfnast aukins viðhalds á slitlagi, búnaði og tækjum.

Tækifæri væri þá einnig nýtt til að taka upp þjónustusamning við ISAVIA um rekstur og þjónustu við þessa flugvelli. Sérstaka áherslu ber að leggja hér á flugleiðsögn og gervihnattarflugleiðsögn á vestari hluta landsins og flýta því verkefni en það eykur flugöryggi og myndi geta fækkað dögum sem ekki er flogið.

Loftbrúin hefur sannað sig í verki og mikilvægt að það verkefni verði eflt, en framkvæmd þess verði nú einnig metin í ljósi reynslu.

Markmið 1 Greiðar samgöngur. Efling vetrarþjónustu og Markmið 2, Öruggar samgöngur. Um öryggi siglinga.  
*Vetrarþjónusta.*


Það er mikilvægt að fjármálaáætlun tekur til umfjöllunar mikilvægi vetrarþjónustu með ýmsum nálgunum út frá kynjajafnrétti, atvinnustarfsemi, samfélagi og þjónustusókn. Tillaga er um að fjármagn til vetrarþjónustu um 300 mkr, sem því miður rétt um þriðjungur fjórðungur þeirrar fjárhæðar sem þarf í raun til að geta sinnt þjónustunni í dag. Hér er vísað til upplýsinga Vegagerðarinnar um að fjárhagsrammi vetrarþjónustu áætlaður 2023 um 3,6 ma en útgönguspá fyrir árið 2023 var metin 4,6 ma.

Hér er því ítrekuð beiðni Fjórðungssambands frá síðustu árum, um að aukið verði við fjármagn til vetrarþjónustu. Endurskoðun á fyrirkomulagi vetrarþjónustu er lokið og því er beint til fjárlaganefndar fá fram sjónarmið úr þeirri endurskoðun, sem nýta mætti við fjárlagagerð 2025 og í fjármálastefnu og fjármálaáætlun. Hafa ber í huga að núverandi viðmið vetrarþjónustu ná allt til ársins 2012 og með reglugerð 44/ 2018.

Málið er mjög brýnt hvað varðar Vestfirði m.t.t. vaxandi umferðar vegna eflingar atvinnulífs og samfélaga. Það eru mikil vonbrigði að hve lítil aukning er í fjármagni sem ætlað er til vetrarþjónustu á næstu árum. Þetta brennur ekki síst á þeim vegköflum sem jarðgöng eiga að leysa af síðar meir, en að óbreyttu mun vera bið eftir jarðgöngum að lágmarki 15 ár en líklega lengur (með fyrirvara um afgreiðslu þingsályktunar að samgönguáætlun 2024-2038). Það á ekki vera í boði að afgreiða samgönguáætlun með þeim hætti að engin þjónustaukning verði allan þennan tíma.

Misræmi er síðan í þjónustu milli landshluta, með tilliti til náttúrulegra aðstæðna, þar skera fjallvegir á Vestfjörðum sig úr, með lægri snjólínu, meiri úrkomu og illviðrasamari en flestir aðrir fjallvegir sem þjóna atvinnusvæðum í landinu. Hér lokast fjallvegir fyrr eftir að daglegri þjónustu er lokið, en á öðrum atvinnusvæðum haldast vegir yfirleitt opnir mun lengur eftir að þjónustu líkur og veður sé skaplegt. Ofanflóðahætta með óvissustigi eða lokunum er síðan staðan með vegi sem liggja um slík svæði og til að auka öryggi vegfarenda er aukin áhersla á lokanir ef óvissustig er uppi og hefur það fjölgað dögum sem viðkomandi vegir eru lokaðir.

Hér er yfirlit um lokanir vega á Vestfjörðum 2018 - 2021, alls eru hér um **1.285 tilvik eða 430** tilvik á ári en ef horft er til fimm mánaða tímabils þá eru **86** tilvik í mánuði eða 3 á dag. Tilvikin eru fleiri því ekki voru skráð tilvik á Dynjandisheiði og Veiðileysuhálsi fyrr en 2020 og voru þeir eiginlega lokaðir í þrjá til fjóra mánuði.



Hér er yfirlit um eðli atvika hverju sinni og áhrif þessara tilvika á flæði umferðar innan atvinnusvæða og mynda flöskuhálsa innan sama sveitarfélags eða innan atvinnusvæða. Óveður



og flughálka (gögn frá 2020 og 2021) einkenna tilvik á sunnanverðum Vestfjörðum<sup>2</sup>. Lokanir og óvissustig vegna ofanflóðahættu á Súðavíkurlíð og Flateyjarvegi einkenna norðanverða Vestfirði auk óveðurs á Gemlufallsheiði. Lokanir vegna óveðurs og stórhriðar á Steingrímsfjarðarheiði og Þröskuldum einkenna Strandir og Reykhólahrepp.

Í annan stað er hér yfirlit um þjónustutíma á fjallvegum á landinu sjá mynd, þar sem þjónusta er alla daga (utan Fróðarheiðar en þar ekki þjónusta á laugardögum) og það sker sig úr hve þjónustutímar á Kletthálsi og Steingrímsfjarðarheiði eru styttri, miðað við aðra landshluta. Eins hve atvinnusvæðum er mismunað þrátt fyrir gjörbreyttar aðstæðum s.s. á atvinnusvæðinu á sunnanverðum Vestfjörðum, sem en ætti vera á sömu stöðu líkt á norðanverðum Vestfjörðum og eða í Múlaþingi og Fjarðarbyggð.

Opið virka daga fjöldi klst.	Opið um helgar - fjöldi klst.	Vinnsóknar- svæði Byggðastofnunar	Veg nr	Þjónustu-flokkur	Opið virka daga		Opið um helgar		Fjöldi bíla (meðaltal des - mars)	Staðsetning vegar (Fjallvegir/hálsar)
7,5	6	5 Sunnanverðir Vestfirðir	60	3	10:00	17:30	11:30	17:30	50	Klettháls
8	5,5	7 Strandir - Inndjúp	61	3	11:00	19:00	12:30	18:00	125	Steingrímsfjarðarheiði
9,5	7,5	4 Reykhólahreppur	60	3	08:00	17:30	09:30	17:00	75	Hjallaháls, Ódrjúgsháls
10,5	8,5	3 Snæfellsnes	54	3	08:00	18:30	09:30	18:00	125	Fróðarheiði
10,5	8	20 Múlaþing - Þingeyjarsýslur	1	3	09:00	19:30	10:30	18:30	175	S-Hárekstaðarleið
10,5	8	18 Vopnafjörður	85	3	09:00	19:30	10:30	18:30	50	Vopnafjarðarheiði
11,5	12,5	2 Dalir	60	3	08:00	19:30	08:30	21:00	350	Brattabrekka
11,5	9,5	3 Snæfellsnes	56	3	08:00	19:30	09:30	19:00	375	Vatnaleið
11,5	9,5	4 Reykhólar - Dalir	60	3	08:00	19:30	09:30	19:00	250	Svínadalur
11,5	9,5	4 Strandir - Reykhólarhr	61	3	08:00	19:30	09:30	19:00	175	Þröskuldar
11,5	8	13 Þingeyjarsýslur - Múlaþing	1	3	08:00	19:30	10:30	18:30	150	N-Hárekstaðarleið
12	10,5	5 Sunnanverðir Vestfirðir	62	3	08:00	20:00	09:30	20:00	100	Kleifaheiði
12	10	10 Skagafjörður	744	3	07:30	19:30	09:00	19:00	350	Þverárfjall
12,5	11	5 Sunnanverðir Vestfirðir	63	3	07:30	20:00	09:00	20:00	275	Miklidalur / Hálfán (175 bílar)
12,5	10,5	17 Þórshöfn-Raufarhöfn	85	3	07:30	20:00	09:00	19:30	50	Hófaskarð
12,5	10,5	18 Þórshöfn-Vopnafjörður (Bakkafjörður)	85	3	07:30	20:00	08:30	19:00	50	Sandvíkurheiði
12,75	10,5	6 Norðanverðir Vestfirðir	60	3	07:25	20:00	09:00	19:30	150	Gemlufallsheiði
13,5	12,5	2 Borgafjörður	1	2	08:00	21:30	08:30	21:00	850	Holtavörðuheidi
13,5	13	12 Eyjafjörður - Skagafjörður	1	2	08:00	21:30	08:30	21:30	800	Öxnadalshéiði
15,5	14,5	20 Hérað - Seyðisfjörður	93	2	06:30	22:00	07:00	21:30	250	Fjarðarheiði
15,5	14,5	21 Fjarðarbyggð - Múlaþing	1	2	06:30	22:00	07:00	21:30	925	Fagridalur

Mynd. Þjónustutími vetrarþjónustu á fjallvegum 2023-2024 innan og eða milli vinnusóknarsvæða

<sup>2</sup> Tilvik á Raknadalshlíð voru ekki vöktuð á tilgreindu tímabili en þar eru tilvik um ofanflóð.

Fyrirkomulag fjárveitinga til vetrarþjónustu síðan meingallað en það getur ekki mætt sveiflum í veðurfari og eins eru fjárveitingar settar undir almenna hagræðingarkröfu fjárlaga hverju sinni. Fyrir vikið höktir vetrarþjónustan ef langvarandi óveðurskaflar ganga yfir, má einnig hér fullyrða að kostnaður samfélaga og atvinnulífs sé langtum meiri en áætlaður sparnaður í rekstri málaflokksins.

Endurbætur á vegakerfi ætti í raun jöfnum höndum kalla eftir breytingum á vetrarþjónustu. Hér á Vestfjörðum eru dæmi um slíkt er er varðar Dynjandisheiði og Veiðileysuháls. Aukið var við þjónusta á þessum fjallvegum fyrir rúmum þrem árum síðan, en hún samt enn tilgreind sem tilraunaverkefni og fellur undir „taprekstur“ þjónustunnar. Hér er skýrt dæmi að auka þarf við fjármagn og svæði sem þessir fjallvegir tengja njóti jafnræðis við aðra hluta landsins.

Markmið 3 Hagkvæmar samgöngur um gjaldtöku í samgöngum.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjaldtöku nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Hafa ber samt í huga að gjaldtaka er sjálfkrafa aukið álag samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum og rýrir búsetu þar nema að íbúar fái þá sértækt aðgengi enda er ekki um neinar hjáleiðir í boði. Landshlutum er í raun mismunað ef horft er til framtíðar t.d. þjónustuaðili í Bolungarvík sem sinnir þjónustu á Patreksfirði og öfugt mun aka um fimm jarðgöng ca 27 km af 150 km, en þjónustuaðili í Hveragerði ekur sömu vegalengd um 2+1 veg, til Víkur í Mýrdal 150 km án sértæks gjalds (sleppi viðkomandi að aka um nýja brú á Ölfusá).

11.20. Fjarskipti, netöryggi og stafræn þróunar. Markaðsbrestur ljósleiðaravæðingar.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023, skorar á stjórnvöld að viðurkenna þann markaðsbrest sem er til staðar hjá minni byggðarlögum og veldur mismunun í ljósleiðaravæðingu landsbyggðarinnar. Ennfremur er skorað á stjórnvöld að tryggja fjarskiptasjóði nægjanlegt fjármagn til þess að allir landsmenn sitji við sama bord.

*Greinargerð*

*Ríkið seldi á sínum tíma grunnnetið til einkaaðila, sem í dag ákveða; a) í hvaða byggðarlögum ljósleiðari skuli lagður í hús, íbúum að kostnaðarlausu og b) að í minni byggðarlögum úti á landi, verði ljósleiðari ekki lagður ókeypis í hús. Þarna er kostnaði varpað á íbúa minni byggðarlaga af þessum þjónustuaðilum. Minni byggðarlög á landsbyggðinni, sem áður höfðu tryggingu fyrir aðgerðum sem fólust í eignarhaldi ríkisins á grunnnetinu og þeirri þjónustu sem það veitti, standa nú frammi fyrir verulegum kostnaðarauka til að komast til jafns við stærri byggðarlög hvað ljósleiðaravæðingu í hús varðar. Þetta er mismunun sem ríkið þarf að leiðrétta.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga lauk í mars s.l. úttekt á gagnaflutningum, farsíma og útvarpssambandi á Vestfjörðum og kynnti í byrjun apríl s.l., skýrsluna Fjarskiptaáætlun Vestfjarða og er hún lögð fram hér til kynningar fyrir fjárlaganefnd<sup>3</sup>.

<sup>3</sup> <https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/2024/fjarskiptaaaetlun-vestfjarða-mars-2024.pdf>

Með sölu tíðnisviða er talið að fjármögnun farnets á stofnvegum verði tryggð og uppsetningu senda verði lokið 2026. Hér er um að ræða brýnt öryggismál fyrir vegfarendur og hafa Vestfirðir setið þar mjög eftir en áætlað er að setja verði upp 24 senda til að ná markmiði stjórnvalda. Hinsvegar ná markmið stjórnvalda ekki til dekkun farnets fyrir tengivegi, sem er mjög bagalegt, því á Vestfjörðum eru það vegir sem tengja helstu ferðamannastaði landshlutans við stofnvegakerfið. Hér þarf aukið fjármagn til að auka öryggi vegfarenda.

Staða Tetrakerfis viðbragðsaðila var tekið til sérstakrar skoðunar við vinnslu skýrslunnar á grunni samþykktar almannavarnarnefndar Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps. Fram kom að ekkert fjármagn er ætlað til uppbyggingar Tetrakerfis á næstu árum en dekkun þess fylgir í raun þeim miklu vanköntum sem eru í dreifingu farnets á stofn og tengivegum á Vestfjörðum og er í raun grafalvarlegur öryggisbrestur hvernig sem á það er lítið.

Öll skynsemi segir að samþætta ætti uppbyggingu farnets og Tetrakerfis þegar ný möstur og búnaður er settur upp. Óskað var álits Lögreglunnar á Vestfjörðum um forgangsröðun Tetrasenda og lagt mat á kostnaði við brýnustu verkefni og er hann metinn um 50 mkr fyrir 8 senda og rekstur um 8 mkr á ári. Þar sem endurbætur eru að hefjast á farneti á árinu 2024 er brýnt að fá opinbert fjármagn og kalla eftir samstarfi við fjarskiptafyrirtækin um uppbygginguna. Málið hefur verið kynnt fyrir dómsmálaráðuneyti, Fjarskiptastofnun, Neyðarlínu, Öryggisfjarskiptum ehf, innviðaráðuneyti og sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að á annesjum á Vestfjörðum munu vera bestu aðstæður til að verða vitni að almyrkva á sólu í ágúst 2026 en þar er dekkun farnets og Tetranets í hvað verstu stöðu í dag. Mikill fjöldi ferðamanna sækist í að upplifa slíkan atburð og reynsla í öðrum löndum á síðustu árum leiðir í ljós að farnet teppist (slær út) á svæðum sem sólmyrkvi fer um. Hér er um að ræða almannavarnamál sem þarf að greina nú þegar og til hvaða viðbragða þarf að grípa. Því er beint til fjárlaganefndar að taka málið upp með þeim ráðuneytum sem þetta mál varðar og aukið fjármagn sett til uppbyggingu senda (sömu kröfu hefur verið beint til umhverfis og samgöngunefndar og innviðaráðuneyti varðandi vegakerfið).

Í Byggðaáætlun 2022-2036 er sértæk aðgerð um að byggja upp háhraðanet þar sem staða háhraðanettenginga á landsvísu er greind og sú greining lögð til grundvallar samkeppnishvetjandi aðgerðum og aðkomu opinberra aðila að verkefninu, reynist þess þörf. Forgangsmál verði á landsvísu, að koma um 50 minni byggðakjörnum sem hafa takmarkaða tengingu með nútímaháhraðatengingu (ljósleiðara). Á Vestfjörðum eru það Tálknafjörður, Bíldudalur og Hólmavík sem hafa nær enga ljósleiðaraútbreiðslu og hafa verður auga á að fyrirætlanir fjarskiptafyrirtækja um uppbyggingu á öðrum þéttbýlisstöðum gangi eftir.

FM útvarpssendingar á stofn og tengivegum er gloppóttar og er um að ræða sömu svæði og dekkun farnets er í dag. Langbylgjusendingar nást um alla Vestfirði en eru við það að leggjast, sökum þess að loftnet á Gufuskálum er því sem næst ónýtt og spursmál hvenær það gefur sig, auk þess sífellt færri viðtæki eru útbúin til að taka við langbylgjusendingum. Útvarpssendingar eru því mikilli áhættu ef Ríkisútvarpið hraðar ekki uppbyggingu FM senda, fyrir vegfarendur og einnig sjófarendur á strandsvæðum og ferðamenn og sumarhúsagesti s.s. í Hornstrandsfriðlandi.

## Málasvið 13. Sjávarútvegur og fiskeldi.

13.10 Stjórnun og sjávarútvegs og fiskeldis og 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi. Gjaldtaka í fiskeldi og stefnumörkun lagareldis.

Fjórðungsþing ályktar um gjaldtöku í fiskeldi

*68. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 fagnar tillögum um að leggja fiskeldissjóð niður sem samkeppnissjóð, en skorar jafnframt á stjórnvöld að taka til endurskoðunar tekjuskiptingu af gjaldi vegna fiskeldis í sjó með það að markmiði að auka þá hlutdeild sem rennur til fiskeldissveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð.*

*Með lögum nr. 89/2019 voru lögð á gjaldskylda vegna fiskeldis í sjó og er þar rekstrarleyfishöfum fiskeldisstöðva gert að greiða gjald í ríkissjóð sem nemur allt að 3,5% af meðaltali alþjóðlegs markaðsverðs á atlantshafslaxi. Ráðstöfunarfé Fiskeldissjóðs er ákveðið á fjárlögum og hefur hingað til verið miðað við að 1/3 gjaldsins renni í Fiskeldissjóð sem síðan úthlutar styrkjum til innviðaverkefna í fiskeldissveitarfélögum. Álagning gjaldsins er á grundvelli magns slátraðs eldisfisks hverju sinni. Ljóst má vera að skipting þessa gjalds, þar sem nú fer 1/3 þess til sveitarfélaganna í gegnum Fiskeldissjóð, er ekki sanngjörn því verið er að nýta staðbundnar náttúruauðlindir með tilheyrandi þörf á stækkun innviða þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldið er stundað. Því er skorað á stjórnvöld að taka til endurskoðunar tekjuskiptinguna með það að markmiði að auka þá hlutdeild sem rennur til fiskeldissveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð.*

Fjórðungsþingið ályktar einnig um stefnumörkun í lagareldi. Hér þarf að vinna að því að aukið fjármagn sem lagt er til í frumvarpi til fjárlaga 2024 og til næstu áratuga, til eflingar rannsókna og eftirlits í fiskeldi, falli saman við markmið stjórnvalda um eflingu opinberrar starfsemi utan höfuðborgarsvæðis með fjölgun stöðugilda og opnun nýrra starfsstöðva á Vestfjörðum.

*68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, fagnar framkomnum drögum að nýrri stefnumótun lagareldis og samþykktu strandsvæðaskipulagi og lýsir á þeim grunni yfir stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu sjókvíaeldis á Vestfjörðum. Jafnframt skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á stjórnvöld að auka fjármagn til rannsókna á áhrifum fiskeldis á lífríkið og til miðlunar fræðslu um umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg áhrif sjókvíaeldis á Íslandi. Opinber störf sem tengjast þjónustu og eftirliti með sjókvíaeldi skulu vera þar sem starfsemin fer fram.*

*Á undanförunum árum hefur sjókvíaeldi byggst upp á Vestfjörðum og með þeirri uppbyggingu hefur orðið algjör viðsnúningur í atvinnulífi og byggðaþróun á Vestfjörðum. Byggðir sem áður töldust vera deyjandi samfélög eru nú farnar að blómstra og bjartari framtíð blasir við íbúum Vestfjarða. Mikilvægt er að sjókvíaeldið fái að þróast og að þekking á eldinu verði bætt með auknum rannsóknum og fræðslu um áhrifin af þessari nýju atvinnugrein sem er að skjóta rótum á Íslandi. Samfélög á Vestfjörðum eiga mikið undir að atvinnugreinin vaxi. Skýrsla Boston Consulting Group staðfestir tækifæri og mögulegan vöxt í framtíðinni. Til að það geti orðið þá þarf ramminn og umgjörð greinarinnar að vera skýr.*

Markmið stefnumótunarinnar er að framtíðaruppbygging í lagareldi byggji á skýrum viðmiðum sjálfbærrar nýtingar, vistkerfisnálgunar og varúðar. Áhersla á eftirlit, vöktun og rannsóknir með framleiðslunni standist útrustu kröfur til að koma í veg fyrir að greinin hafi neikvæð áhrif á umhverfið í framtíðinni.

Markmið strandsvæðaskipulags í byggðamálum eru meðal annars að nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar og styðji lífsgæði íbúa.

Þessi markmið eru í takt við vilja sveitarstjórnarfulltrúa á Vestfjörðum sem hafa kallað eftir aðgerðum af hálfu stjórnvalda um árabíl. 68. Fjórðungssþing Vestfirðinga telur að aðgerðaleyssi Alþingis, ríkisstjórna, ráðuneyta og stofnana í málefnum fiskeldis hafi gert að verkum að uppbygging eftirlits og rannsókna í nærumhverfi atvinnugreinarinnar sé ábótavant og að skýr stefna hafi ekki verið mótuð fyrir atvinnugreinina fyrr en nú. Afleiðingar aðgerðaleyssis hafa nú mjög neikvæð áhrif á umhverfi og ímynd Vestfjarða.

Þessu til áréttingar bendum við á auglýsingar bæði Hafrannsóknarstofnunar og Mast á liðnum vikum, þar sem störf er tengjast fiskeldi, rannsóknum og eftirliti eru ekki staðsett á fiskeldissvæðum heldur óstaðbundar. Við teljum uppbyggingu starfa við eftirlit og rannsóknir í nærumhverfi lykilþátt í sjálfbærri uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

## Málasvið 14. Ferðapjónusta

### 14.10 Ferðapjónusta. Áfangastofur landshluta

Sem fram kemur í greinargerð fjármálaáætlunar verður ný Ferðamálastefna til ársins 2030 lögð fram á þessu ári. Þar segir m.a. „er áréttað mikilvægi samhæfingar og skilvirkni, þvert á stjórnsýslu og samvinnu við hagaðila, þar sem ferðapjónustan er þverfagleg atvinnugrein“. Eins er lögð áhersla á að dreifingu ferðamanna um land allt og jafna álag á ferðamannastaði.

Hver landshluti hefur ákveðna sérstöðu og skapar fjölbreytt úrval áfangastaða og afþreyingar fyrir ferðamenn og svara þar áherslum nýrrar Ferðamálastefnu. Áfangastofur eru lykilþáttur í því markmið stjórnvalda að efla ferðapjónustu um land allt og dreifa álagi ferðmanna og opna ný svæði. Heilt yfir er hér um tvíþætt starf, annarsvegar að vinna með ferðapjónustuaðilum að viðhalda gæðum framboði þjónustu, þróa nýja afþreyingu s.s. Vestfjarðaleiðin og hinsvegar að markaðssetja landshlutana á erlendum og innlendum markaði. Því skýtur skökku við hve stjórnvöld draga úr stuðningi við starfs Áfangastofa á árinu 2024 og að óbreyttu áfram næstu árum.

Framlag ríkisins til starfsemi Áfangastofa er með framlagi frá Ferðamálastofu. Horft til framlaga til forvera áfangastofa þ.e. markaðsstofa landshluta, þá hafa þau framlög hafa staðið í stað hátt í 10 ár. Árinu 2024 var engin breyting við framlengingu samnings við Ferðamálastofu til eins árs, en það nemur 22 mkr og það eru óbreytt ákvæði um sömu skiptingu um aðkomu að sameiginlegum verkefnum (11 mkr) og vinnuframlagi (11 mkr).

Niðurstaðan er að framlag sem áður stóð undir rúmu stöðugildi er nú um 70 % að ígildi. Miðað við verðlags og launaþróun ætti framlag að nema 28- 30 mkr í stað 22 mkr.

Vísað er að öðru leyti til sameiginlegrar umsagnar landshlutasamtaka sveitarfélaga um þörf á auknum framlögum til atvinnuráðgjafar, sóknaráætlana og áfangastofa.

Framlag ríkisins hefur einnig komið eftir krókaleiðum til svæðisbundinnar markaðssetningar í gegnum Íslandsstofu. Íslandsstofa sér um almenna markaðsetningu á Íslandi og fær til þess fjármagn frá ríkinu í gegnum málavíð utanríkismála. Slík almenn markaðssetning hefur ekki og mun að óbreyttu ekki ná að uppfylla markmið Ferðamálastefnu 2030, um að ná að dreifa ferðamönnum og jafna álag á ferðamannastaði, mun eiginlega viðhalda núverandi stöðu.

Aðkoma Íslandsstofu hefur verið lítil, en á síðustu þrem árum hefur Íslandsstofa veitt 3.750 þkr, til hvers landshluta, sem er í raun algjör lágmarksfjárhæð. Fjárhæðin hefur gert kleift að sækja tvo til þrjá erlenda markasviðburði í samstarfi við Íslandsstofu um val á og þátttöku í markasviðburðum. Hér hafa starfsmenn Áfangastofa unnið með Íslandsstofu að markaðsetningu Íslands og verið með sérfræðipekkingu fyrir ferðaheildsala (og stundum fjárfesta) sem sífellt eru að leita nýrra og áhugaverðra staða fyrir sína viðskiptavinum. Nú á árinu 2024 þá tekur Íslandsstofu þá einhliða ákvörðun um lækka framlagið í 1.950 þkr sem rétt nægir til að sækja einn viðburð sem er Vest Norden og fórna þar með árangri af markaðsstarfi síðustu ára m.a. á Bandaríkjamarkaði.

Það er mat Fjórðungssambands að til að ná markmiðum Ferðamálaáætlunar, þurfi að efla svæðisbundna markaðssetningu sem gerir grein fyrir fjölbreytileika svæða og leggur áherslu á sérstöðu hvers svæðis fyrir sig. Rétt sé að einfalda fjárstreymi til svæðisbundinnar markaðssetningar og halda fjármögnun þessa innan málavíðs um ferðamál en ekki eftir framangreindum krókaleiðum.

Tillaga Fjórðungssambands er að veitt verði um 10 mkr til þessara svæðisbundnu markaðssetningar og Áfangastofur sjái um að semja við Íslandsstofu um aðild að sameiginlegum markasviðburðum á forsendum þeirra.

Hér er rétt að tilgreina þátt sveitarfélaga sem hefur verið mikilvægur ekki síst horft til langtímahugsunar sveitarfélaganna. En sveitarfélög á Vestfjörðum hafa um áratuga skeið stutt markaðsmál ferðaþjónustu og fellur sá stuðningur vel við markmið Ferðamálaáætlunar. Bein framlög sveitarfélaga nema í dag 7,7 mkr og voru hækkuð á síðasta ári um 8%. Auk þessa hefur í 10 ár verið veitt fjármagn af Sóknaráætlun Vestfjarða í áhersluverkefni um markaðssetningu ferðaþjónustu, samanlagt hátt í 100 mkr og á þessu ári mun framlagið nema 10 mkr.

## Málasvið 15. Orkumál.

15.10. Stjórnun og þróun orkumála. Viðbrögð við viðvarandi orkuskorti á Vestfjörðum Markmið í stjórnun og þróun orkumála falla að þeim verkefnum sem vinna þarf að á Vestfjörðum. Vegna stöðu flutningskerfis og takmarkaðrar orkuframleiðslu innan Vestfjarða, hefur verið viðvarandi orkuskortur í landshlutanum um áratuga skeið og því þurfa að koma sértækar aðgerðir til viðbótar eða sem segir í ályktun Fjórðungspings.

*68. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023, harmar þá erfiðu stöðu sem orkuskortur á Vestfjörðum hefur nú um áratuga skeið hindrað eðlilega framþróun atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum.*

*Fjórðungsping Vestfirðinga minnir á einróma samþykkt þingsályktunar Alþingis frá 2018 að setja Vestfirði í forgang í raforkumálum. Byggði ályktunin á greinargerðum Landsnets og skýrslum starfshópa um afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Í ályktun Alþingis kemur fram að Vestfirðir verði líkt og aðrir landshlutar eigi síðar en árið 2030 með hringtengt flutningskerfi eða ígildi þess.*

*Fjórðungsping Vestfirðinga telur því, að nú að fimm árum liðnum frá ákvörðun Alþingis að setja Vestfirði í forgang, þá liggi allar forsendur málsins nú fyrir. Krafa Fjórðungspings Vestfirðinga er að stjórnvöld taki fyrir lok árs 2023 þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að umbylta flutningsmálum raforku og framleiðslu raforku innan Vestfjarða.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga beinir því til fjárlaganefndar að taka málið upp með umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti og hvenær ráðuneytið stefni að sértækum aðgerðum vegna orkumála á Vestfjörðum og það kalli á aukna fjárveitingar fyrir tímabil fjármálaáætlunar. Er hér vísað til niðurstöðu starfshópa umhverfis-, orku og loftlagsráðherra um aðgerðir á Vestfjörðum<sup>4</sup>. Eins að taka strax til skoðunar niðurstöður skýrslu frá starfshópi umhverfis-, orku og loftlagsráðherra „Bætt orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar“ frá því í apríl s.l..

---

<sup>4</sup> Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Vestfjörðum, júní 2023

[Efling\\_Samfelags\\_a\\_Vestfjordum\\_Web.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Skýrsla starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum, apríl 2022

[Raforkumal\\_Vestfjarda\\_skyrsla\\_2022.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

## Málasvið 17. Umhverfismál

17.4. Varnir gegn náttúruvá. Endurmat á ofanflóðahættu og hlutverk Ofanflóðasjóðs 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. -7. október 2023, skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fjármálaráðherra að leita allra leiða til þess að flýta vinnu við að endurmeta hættu á ofanflóðum þar sem þegar hafa verið byggðar ofanflóðavarnir. Fjórðungsþing minnir á upphaflegt hlutverk Ofanflóðasjóðs um verndun byggða fyrir ofanflóðum og flokkun og nýtingu hættusvæða.

Greinargerð:

Lög og reglugerðir um málið eru skýr og í reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða stendur að Veðurstofa Íslands annist m.a. endurskoðun hættumats, sbr. 15. gr. (309/2010). Í sömu reglugerð stendur: „Endurskoða skal uppdrætti og rýmingaráætlanir ef reist eru varanleg varnarmáttir gegn ofanflóðum.“ Í 13. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997) stendur að Ofanflóðasjóður skuli greiða allan kostnað við gerð hættumats svo og kostnað við gerð úttektar og uppdráttu. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið skipaði starfshóp til að leggja mat á þörf fyrir frekari rannsóknir, vöktun og viðbrögð við náttúruvá sem hægt sé að nýta til að efla hættumat, vöktun og miðlun vegna náttúruvá á Íslandi.

Starfshópurinn skilaði af sér stöðumati í apríl 2023 og ein helsta niðurstaða starfshópsins er varðar hættumat er sú að áætluð fjárþörf til málaflokksins er metin umfangsmikil. Í skýrslunni stendur einnig að nauðsynlegt sé að endurskoða hættumat þar sem reist hafa verið varnarmáttir. „Endurskoða þarf fjárþörf reglulega, að lágmarki á þriggja ára fresti, þar sem tekið er tillit til framvindu verkefna, tækniframfara, rannsókna og aðlögunaraðgerða, m.a. vegna loftslagsbreytinga og samfélagslegra þátta, s.s. þróunar byggðar og ferðamennsku.“

Verði ekkert að gert munu íbúar sem búa undir þegar byggðum snjóflóðavörnum mögulega búa við falskt öryggi og húseignir þeirra metnar á lægra verði vegna snjóflóðahættu sem mögulega sé ekki lengur til staðar. Falskt búsetuöryggi íbúa er óásættanlegt með tilliti til vellíðunar fólks og því er mikilvægt að endurmat á hættu fari fram sem allra fyrst eftir byggingu snjóflóðavarna. Jafnframt þarf endurmat að fara fram til að eignaverð sé í samræmi við aðrar eignir á viðkomandi svæði og að húseigendur sitji ekki uppi með ódýrari og eða illseljanlegar eignir vegna dráttar á endurmati. Sveitarfélögum er einnig bannað með lögum að skipuleggja byggð undir varnarmannvirkjum sem ætlað var að verja viðkomandi svæði, þrátt fyrir að möguleiki sé á að hættumörk séu undir þeim stöðlum sem miðað er við. Þar sem víða er takmarkað framboð af góðum byggingarlóðum getur dráttur á endurmati komið í veg fyrir að byggt sé á mögulegum lóðum innan byggðar og getur því leitt til meiri kostnaðar fyrir sveitarfélög við að útbúa nýjar lóðir í stað þess að geta nýtt betur þá innviði sem eru til staðar undir þegar byggðum snjóflóðavörnum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að fjárveitingar til málaflokksins verði tryggðar og auknar frá og með árinu 2025 til viðbótar tilfærslum innan fjármálaáætlunar.



## 17.50 Stjórnýsla umhverfismála. Jöfnun flutningskostnaðar í úrgangsmálum

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 beinir því til stjórnvalda að jafna flutningskostnað úrgangs, sem fellur til í sveitarfélögum langt frá urðunar-, móttöku- og förgunarstöðum, við þau sem eru í nálægð við slíka staði.

### Greinargerð

Með breytingum á lögum vegna meðhöndlunar úrgangs er sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við þjónustu um meðhöndlun úrgangs. Við gildistöku þessa ákvæðis kom skýrt fram að sveitarfélög sem eru bæði dreifbýl og langt frá móttökustöð standa höllum fæti þegar kemur að kostnaði af meðhöndlun úrgangs og aðstöðumunur sveitarfélaga sláandi. Gjöld á íbúa í Vesturbyggð árið 2023 vegna meðhöndlunar úrgangs er með því hæsta sem gerist á landinu og langtum hærri en það sem þekktist á höfuðborgarsvæðinu, en dugir þó ekki til fyrir rekstri þjónustunnar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga beinir til fjárlaganefndar að taka málið upp með umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti að beita sér fyrir jöfnun kostnaðar við flutning og meðhöndlun úrgangs. Eins mun Fjórðungssambandið koma með nýrri upplýsingar um mitt þetta ár um stöðu úrgangsmála þegar vinnu líkur við gerð Svæðisáætlunar um meðhöndlun sorps á Vestfjörðum.

## Málasvið 18. Menning, listir, íþrótt og æskulýðsmál.

### 18.20 Menningarstofnanir og 18.30 Menningarsjóðir. Fjármögnun Sóknaráætlana landshluta og hlutverk þeirra í menningarstarfi

Með samningi við ráðuneyti menningar, allt frá árin 2006 um Menningarsamninga og síðar frá 2011 um Sóknaráætlana landshluta, nú síðast Sóknaráætlun landshluta 2020-2024, hefur verið stutt við menningarstarfsemi, söfn og stofnanir og frumkvöðla á sviði menningar í einstaka landshlutum. Sameiginleg umsögn landshlutasamtaka sveitarfélaga við frumvarp til fjárlaga 2024 og hér í ályktun 68. Fjórðungsþings Vestfirðinga, bendir hinsvegar á að framlög hafa um langa hríð staðið í stað og eftir því sem lengra líður þá leggst starf þessara stofnana í dróma og lítil nýsköpun á sér stað.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 hvetur Alþingi og ráðuneyti til að standa vörð um Sóknaráætlanir landshlutanna og tryggja verulega meira fjármagn til þeirra en gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 og Fjármálaáætlun 2024-2028.

Fjármögnun menningarstofnana og viðburða í héraði á sér að mestu stað í gegnum fjármagn úr Sóknaráætlunum til Uppbyggingasjóða landshlutanna. Það fjármagn hefur rýrnað mikið síðustu ár og útlit fyrir að það rýrni enn meira á næstu árum.

Miklu máli skiptir fyrir sjálfsmynd íbúa að unnt sé að halda úti metnaðarfullum menningarstofnunum og fjölbreyttum viðburðum á Vestfjörðum. Í gegnum menningu er sérstaða svæðisins, íbúa þess og sérkenni staða dregin fram bæði fyrir íbúa og gesti.

*Menningu má kalla límið í hverju samfélagi og gildi þess að hægt sé að hafa stærstu söfn opin allt árið, að menningarviðburðir séu í boði er ótvírætt bæði fyrir íbúa og gesti. Áningarstaðir sem byggja á menningu geta eins og dæmin sýna um land allt haft mikið aðdráttarafl allt árið um kring og styðja þannig jafnframt markmið um dreifingu ferðamanna um landið og lengingu ferðamannatímabilsins.*

## Málasvið 23. Sjúkrahúspjónusta og 24. Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa. Efling viðbragðsþjónustu og fjarþjónustu.

Málaflokkarnir eru í forgangi stjórnvalda um ráðstöfun fjármagns ríkissjóðs og Fjórðungssamband treystir því að almenn framlög til heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum séu aukin í takti við þær áherslur. Fjórðungsþing Vestfirðinga vekur síðan athygli á viðhorfum fólks á landsbyggðinni varðandi heilbrigðismál að bráðþjónusta og fjarþjónusta verði efl. Sömu leiðis verði úrbætur á Tetra og farnetskerfi sem hér að framan hefur verið rakið og tilgreind eru hér í ályktun Fjórðungsþings.

*68. fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 ályktar að stjórnvöld tryggji að öryggisnet viðbragðsaðila á Vestfjörðum verði efl. Mikilvægt er að sjúkraflutningar séu í lagi á landi og í lofti. Löggæsla og fjarskipti verði tryggð með þeim hætti að það styðji við þá uppbyggingu sem er að eiga sér stað í samfélaginu, atvinnulífinu og ferðaðjónustunni. Fjöldi íbúa og ferðafólks er að aukast og mikilvægt að þjónustan sé í takti við þá þróun.*

*Í könnun um bráðþjónustu utan þéttbýlisstaða sem gerð var á vegum heilbrigðisráðuneytisins kemur fram viðhorf fólks á landsbyggðinni til þjónustunnar. Á Vestfjörðum var hærra hlutfall svarenda en í öðrum landshlutum, sem taldi að bæta þurfi bráðþjónustu á vettvangi. Eins og staðan er í dag er erfið að segja að lágmarksöryggi sé tryggt við vissar aðstæður og til að bæta þar úr þarf að taka aukið tillit til veðurfars, landfræðilegra aðstæðna og fjarskipta.*

*Brýnt er að þegar staðsetning sjúkrahúsrlna er ákveðin þarf að gæta þess að öryggi á Vestfjörðum sé tryggt og farið verði í nauðsynlegar framkvæmdir við sjúkraflugvelli á svæðinu eins og bent er á í skýrslunni Öryggishlutverk lendingarstaða.*

*Töluverð þróun hefur átt sér stað innan heilbrigðisþjónustu í landinu varðandi fjarþjónustu. Til að hægt sé að nýta nýjungar og þróun á því sviði þurfa innviðir líkt og fjarskiptasamband að vera til staðar með fullnægjandi hætti.*

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.